

Dýtt úr ensku:

(Handskrifað) 1

DRÖG  
MINNISBLAÐ

Reykjavík, 12. júní 2009

**Til:** Stjórn Fjármálaeftirlitsins  
**Frá:** Landslög – lögmennastofa fyrir hönd fjármálaráðuneytisins  
**Efni:** Uppgjör milli nýju bankanna og gömlu bankanna, skilyrta skuldabréfið (compensation instrument), næstu skref og lausn mögulegra ágreiningsmála.

## I. MÁLIN

Stjórn Fjármálaeftirlitsins (hér eftir „FME“) hefur óskað eftir lýsingu á uppgjörinu milli Nýja Kaupþings Ltd., Íslandsbanka Ltd., og NBI Ltd. („Nýju bankarnir“) annars vegar og Kaupþings Banka Ltd., Glitnis Banka Ltd., og Landsbanka Íslands („Gömlu bankarnir“) í þessari röð hins vegar. Við höfum veitt fjármálaráðuneytinu ráðgjöf við viðræðurnar sem hófust formlega í byrjun júní og útbúum þetta minnisblað fyrir hönd þess.

Nánar tiltekið hefur FME óskað eftir endurskoðun og umræðu um eftirfarandi atriði:

- 1) Hver er staða viðræðna milli gömlu bankanna og nýju bankanna?
- 2) Hvernig fer uppgjórið fram milli gömlu bankanna og nýju bankanna ef samkomulag næst ekki með viðræðunum?
- 3) Hvernig verður ágreiningur milli gömlu bankanna og nýju bankanna leystur ef samkomulag næst ekki með viðræðunum?

## II. UMRÆÐUR OG NIÐURSTÖÐUR

Umræður okkar og svör eru sem hér segir.

- 1) Hver er staða samningaviðræðna milli gömlu bankanna og nýju bankanna?

- (i) Viðræður milli nýju bankanna og gömlu bankanna hófust í fyrstu viku júnímánaðar 2009:
  2. júní – **NBI hf.** kynnti viðskiptaáætlun sína og mat stjórnarinnar á skilyrta skuldabréfinu.  
**Fundur:** Skilanefnd Landsbankans og ráðgjafar, fjármálaráðuneytið (Þorsteinn Þorsteinsson) og ráðgjafar (Landslög, Lovells, Hawkpoint) og fulltrúi NBI.
  3. júní. **Íslandsbanki hf.** kynnti viðskiptaáætlun sína og mat stjórnarinnar á skilyrta skuldabréfinu.  
**Fundur:** Skilanefnd Glitnis og ráðgjafar, fjármálaráðuneytið (Þorsteinn Þorsteinsson) og ráðgjafar (Landslög, Lovells, Hawkpoint) og fulltrúi Íslandsbanka.

STADUR OG DAGS: *Reykjavík, 8. maí 2014*  
ÞYÐANDI: ELLEN INGVAÐÓTTIR  
DÓMTÚLKUR OG  
LÖGG. SKJALAPÝÐANDI  
FJÖLDI BLAÐS.: *4*

4. júní **Nýja Kaupþing hf.** kynnti viðskiptaáætlun sína og mat stjórnarinnar á skilyrta skuldabréfinu.  
Fundur: Skilanefnd Kaupþings og ráðgjafar, fjármálaráðuneytið (Þorsteinn Þorsteinsson) og ráðgjafar (Landslög, Lovells, Hawkpoint) og fulltrúi Nýja Kaupþings.

Fyrir hönd fjármálaráðuneytisins voru kynnt á fundinum tilboð á grundvelli mats stjórnarinnar. Almenn má lýsa viðbrögðum skilanefnda við tillögum sem neikvæðum, virtust nefndirnar almennt tilbúna til þátttöku í viðræðunum.

- (ii) Skilanefndin virtist viðurkenna stöðu sína sem mótaðili í viðræðunum, sem er jákvætt.  
Þó er fyrirsvandamálið brýnt þar sem margir stórir kröfuhafar gömlu bankanna hafa tekið skýrt fram að þeir telji skilanefndirnar ekki vera fulltrúa þeirra með neinum hætti.
- (iii) Formlegar viðræður hafa ekki átt sér stað eftir fundina 2., 3. og 4. júní. Þróunin hefur síðan verið frekar hægt, einkum vegna vandamála sem tengjast aðgengi að skýrslu Deloitte og viðskiptaáætlun nýju bankanna.

Hins vegar:

**Skilanefnd Kaupþings** kynnti tilboð með bréfi til fjármálaráðuneytisins, dagsett 6. júní, 2009. Tillagan felur í sér að formlegar viðræður hefjist um framsal eignarhalds á Nýja Kaupþingi til erlendra kröfuhafa Kaupþings Banka Ltd. með þeim fyrirvara að Kaupþing Banki fjármagni Nýja Kaupþing nægilega samkvæmt kröfum íslenskra laga.

**Fjármálaráðuneytið** svaraði tillögunni með bréfi dagsettu 10. júní 2009 og sagði að ráðuneytið væri tilbúið að skoða fyrirkomulagið með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði:

- Skilanefndin tilgreinir hvers mikinn stuðning hún heitir Nýja Kaupþingi Ltd.
- Ríkisstjórnin veitir engar upplýsingar eða ábyrgðir varðandi nettóeignir framseldar til baka.
- Skilanefndin ætti að ákveða áreiðanleikakönnun og tímatöflu viðræðna fyrirfram, sem áætlað er að taki fjórar vikur.
- FME skal samþykkja tillögur skilanefndar varðandi stuðning við fjármögnun og lausafjárstöðu.
- Áður en viðræður hefjast skal rúmlega helmingur meðlima óformlegu kröfuhafanefndarinnar m.a. gefa stuðning sinn skriflega til kynna.

Á fundinum 3. júní 2009, benti **skilanefnd Glitnis** á að hún myndi kynna fjármálaráðuneytinu formlega tillögu innan 2 daga frá dagsetningu fundarins. Tillagan myndi fela í sér þann möguleika að erlendir kröfuhafa Glitnis yrðu eigendur allt frá 0% til 100% eiginfjár Íslandsbanka Ltd.

Tillagan hefur enn ekki verið lögð fram en skilanefnd Glitnis hefur gefið til kynna að hún verði brátt lögð fram.

**2) Hvernig fer uppgjörið fram milli gömlu bankanna og nýju bankanna ef samkomulag næst ekki með viðræðunum?**

Í stuttu máli sjáum við fyrir að ef ekki næst samkomulag milli nýju bankanna og gömlu bankanna, muni uppgjörið fara fram með þessum hætti:

- (i) Fjármálaráðuneytið/nýju bankarnir tilkynna skilaneftundunum um niðurstöðu sína varðandi mat á framseldum eignum og skuldbindingum.
- (ii) Fjármálaráðuneytið/nýju bankarnir gefa út skilyrta skuldabréfið (og alla aðra nauðsynlega gerninga og skjöl) vegna fullrar greiðslu á nettóeignum sem framseldar verða til nýju bankanna (einstæða neikvæðrar stöðu Kaupþingsframsalsins verður ekki rædd ítarlega í minnisblaði þessu).
- (iii) Ríkisstjórnin/nýju bankarnir bjóða gömlu bönkunum skilyrta skuldabréfið (og önnur möguleg greiðsluform)
- (iv) Samtímis leggur ríkisstjórnin til gerðardómssamkomulag, undirritað fyrir hennar hönd, fyrir hvern gömlu bankanna. Gerðardómssamkomulagið myndi fela í sér að allur ágreiningur milli ríkisstjórnarinnar/nýju bankanna annars vegar og gömlu bankanna/kröfuhafa þeirra hins vegar yrði lagður fyrir erlendan gerðardóm. Nánari lýsingu á gerðardómsferlinu er að finna í greinargerð Lovell's („*Compensation Instrument Arbitration*“) dagsett 4. júní 2009 og athugasemdum Landslaga við hana („*Compensation Instrument Arbitration-Comments*“) dags. 8. júní 2009.  
Gömlu bankarnir (eða kröfuhafar þeirra) myndu áfram geta vísað kröfum sínum til hefðbundinna dómstóla. Grundvallarréttur þeirra til að leggja mögulegar kröfur fyrir almenna dómstólar verður aldrei afnuminn og við mælum mjög á móti öllum tilraunum í þá veru.
- (v) Gömlu bankarnir hafa eiginlega þrjá kosti, sem þeir geta valið um:
  - a. Að samþykkja greiðslurnar sem fullar og endanlegar greiðslur fyrir nettóstöðu framseldra eigna og skuldbindinga. Líkurnar á að gömlu bankarnir velji þessa leið eru nær engar.
  - b. Að samþykkja greiðslurnar sem hlutagreiðslur fyrir fullt og endanlegt uppgjöf, með áskildum fullum rétti til að leggja fram frekari kröfur gegn nýju bönkunum og ríkisstjórninni.
  - c. Að hafna móttöku greiðslna. Í þessu tilviki mun ríkisstjórnin/nýju bankarnir leggja skilyrta skuldabréfið og aðrar mögulegar greiðslur (ásamt síðari hlutagreiðslum, vöxtum, o.s.frv.) á vörslureikning fyrir gömlu bankanna til útgreiðslu síðar.Mestar líkur eru á að gömlu bankarnir velji b. eða c.
- (vi) Þótt FME geti ekki lýst yfir neinu mat eða úrskurði varðandi skilyrta skuldabréfið, fyrirhugaðar greiðslur eða réttmæti þeirra, getur FME lýst þeirri skoðun sinni að kröfur ákvæða greinar 100. a í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki hafa verið uppfylltar þar sem uppgjör samkvæmt IFRS hefur verið boðið á grundvelli fyrirliggjandi matsgerða.
- (vii) Gömlu bankarnir/kröfuhafar þeirra fengju þann kost að vísa ágreiningi til dómstóla eða gerðardóms samkvæmt gerðardómssamkomulaginu.

**3) Hvernig verður ágreiningur milli gömlu bankanna og nýju bankanna leystur ef samkomulag næst ekki með viðræðunum?**

- (i) Gömlu bankarnir/kröfuhafar þeirra fá þann kost að vísa ágreiningi til dómstóla eða gerðardóms samkvæmt gerðardómssamkomulaginu.
- (viii) Nánari upplýsingar um gerðardómsferlið er að finna í greinargerð Lovell's („*Compensation Instrument Arbitration*“) dagsett 4. júní 2009 og athugasemdum Landslaga við hana („*Compensation Instrument Arbitration-Comments*“) dags. 8. júní 2009.

Að okkar mati er raunhæft og sanngjarnt (einkum vegna ófyrirséðra tafa við veitingu aðgangs að gögnum) að viðræður við skilanefndirnar fái tíma til að þróast að minnsta kosti til 15. júlí 2009. Á sama tíma lýkur fjármögnun nýju bankanna.

Kærar kveðjur  
Landslög –Lögmennastofa

JKS/VL/GS